



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2423
komudagur 13. 5. 2011

Reykjavík, 13. maí 2011
RMF11050004

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

Umsögn Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar um frumvörp til safnalaga og laga um menningarminjar

Á fundi sínum þ. 5. maí s.l. samþykkti borgarráð að Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar sendi til menntamálanefndar Alþingis umsagnir um frumvarp til safnalaga; 650. mál og frumvarp til laga um menningarminjar; 651. mál, en umsagnirnar verði kynntar ráðinu síðar. Drögin voru lögð fyrir menningar- og ferðamálaráð á fundi þess þ. 9. maí s.l. þar sem ráðið tók undir efnisatriði umsagnarinnar og sviðsstjóra var falið að ganga frá henni í samráði við borgarlögmann.

Eins og fram kom í bréfi borgarlögmanns til nefndarinnar þ. 27. apríl sl. hafði menntamálanefnd einungis sent Borgarbókasafni umsagnarbeiðni um safnalög (en þau taka ekki til bókasafna sbr. 2.gr.), en ekki sent annað til Reykjavíkurborgar/borgarráðs, sem er samþykktaraðili umsagna um lagafrumvörp til Alþingis f.h. Reykjavíkurborgar.

Á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar eru nokkur stærstu söfn landsins á sínu sviði s.s. Minjasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur auk Borgarbókasafns. Forstöðumenn þessara safna, ásamt fagráði þeirra, menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar, töldu ríka ástæðu til koma á framfæri athugasemdum við bæði frumvörpin. Í ljósi þessa fer Menningar- og ferðamálasvið þess vinsamlegast á leit við menntamálanefnd Alþingis að hafa Reykjavíkurborg í huga þegar frumvörp eru unnin er varða menningarmál, þar sem Reykjavíkurborg hefur vissulega sérstöðu meðal sveitarfélaga sem höfuðborg. Mikilvægt er einnig að gefa amk hálfan mánuð til umsagna þar sem þær þurfa bæði að fara fyrir menningar- og ferðamálaráð og borgarráð eftir yfirferð embættismanna.

Hjálögð er umsögnin, en sviðið fékk frest til að skila henni í dag.

Virðingarfyllst, f.h. Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar

Signý Pálsdóttir
skrifstofustjóri menningarmála og staðgengill sviðsstjóra.

Frumvarp til laga um menningarminjar.

Þskj. 1153 – 651. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Almenn umsögn:

Tekið er undir þau markmið sem lýst er í fyrstu grein frumvarpsins og snúa að eflingu starfsemi safna, að tryggja varðveislu menningararfs og aðgang fólks að honum. Til bóta er að skýrar er skilgreint hvað teljast fornleifar annars vegar og byggingararfur hins vegar og hvað greinir þar á milli (3 og 4. gr.). Þá er greint á milli friðlýsingar og friðunar og samræmi komið á milli minjaflokka. Allt er þetta til bóta og til þess fallið að gera minjavörslu í landinu skilvirkari.

Í frumvarpinu er ein veigamikil breyting frá núgildandi lögum sem snertir Reykjavíkurborg. Með þjóðminjalögum frá 1989 4.gr. var í fyrsta sinn kveðið á um að landinu skyldi skipti í minjasvæði og að komið yrði á fót embættum minjavarða, sem skyldu vera starfsmenn Þjóðminjasafns, með þeirri undantekningu að „í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu“. Sama á við í þjóðminjalögum frá 2001, 8. gr. Frumvarp til laga um menningarminjar leiðir af sér að staða borgarminjavarðar er felld niður og hann verður ekki lengur minjavörður skv. skilgreiningu laga.

Með lögum frá 2001 eru minjaverðir starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, en heimilt er að „fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.“ (Þjóðminjalög 2001, 8.gr.). Þessi heimild er felld niður í frumvarpinu og þannig yrði ekki lengur heimilt að fela sveitarfélagi minjavörslu. Markmiðið er eflaust að skilja á milli stjórnábyrgð ríkis og sveitarfélaga og verkefna sem stofnanir ríkis og sveitarfélaga annast á sviði minjavörslu. Verkefni munu því færast frá sveitafélagi til ríkis við þessa niðurfellingu. Mikilvægt er hins vegar að skoða þessa breytingu í samhengi við skyldur og verkefni sveitarfélaga um skráningu menningarminja, fornleifa og mannvirkja vegna skipulagsgerðar.

10. gr. Minjasvæði og minjaráð

Það er jákvætt að koma skuli á formlegum samráðsvettvangi stofnana minjavörslu, safna og skipulagsyfyrivalda og annarra hagsmunaaðila, þar sem sveitarfélögum mun gefast kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Afar jákvætt er að m.a. sé horft til ferðapjónustunnar í þessu sambandi. Rétt er að benda á að æskilegt er að haft verði samráð við samtök sveitarfélaga þegar fjallað verður um skiptingu landsins í minjasvæði og má þar líta til landshlutasamtaka sveitarfélaga.

15. gr. Skráning og skil á gögnum

Samkvæmt 15. gr. hefur Minjastofnun „yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja“ og skal halda heildarskrá og birta þannig að upplýsingarnar verði aðgengilegar í miðlægum gagnagrunni. Þá er Minjastofnun heimilt „að fela tilteknum einstaklingum eða stofnunum er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar - ... afmörkuð könnunar og skráningarstörf fyrir stofnunina.“

Mikilvægt er að Minjastofnun verði tryggð aðstaða og fjármagn til að sinna þessu hlutverki, m.a. vegna skyldu til að miðla upplýsingum úr fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrá, sbr. 17. og 52. gr. frumvarpsins. Jafnframt er mikilvægt að þessar skrár verði samtengdar þeim gagnagrunnum sem þegar eru reknir, s.s. miðlægum gagnagrunni um mannvirki, sbr. 61. gr. laga nr. 161/2010 um mannvirki.

16. gr. Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda

Samkvæmt 16. gr. er skylt að láta skrá menningarminjar vegna skipulagsgerðar og framkvæmda. Skal

sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulags- og byggingarlög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Vakin er athygli á að villa er í fyrstu málsgrein ákvæðisins: „áður en til svæðis- eða deiliskipulagsgerðar“. Hér væri rétt: „hverfis- eða deiliskipulagsgerðar“, með vísan til 37. gr. skipulagslaga um gerð húsakannana í þegar byggðu hverfi.

Með frumvarpinu er samræmt hvernig skráningu menningarminja; fornleifa- húsa- og mannvirkja, verður háttað. Samkvæmt skipulagsiögum fara sveitarfélög með skipulagsmál og samkvæmt þeim eiga þau að kosta skráningu menningarminja vegna skipulagsgerðar. Ekki er ljóst hvort ákvæði 15. og 16. greinar gera greinarmun á þeirri skráningu sem Minjastofnun sér um og kostar væntanlega og þeirri skráningu sem sveitarfélögum er gert að kosta vegna skipulagsgerðar. Þetta þarf að skerpa.

Sveitarfélögum er tryggður sjálfstjórnarréttur „eftir því sem lög ákveða“ samkvæmt 78. gr. stjórnarskrárinnar og samkvæmt því hafa sveitarfélög rétt á að skipa þeim málum sem sveitarfélag á að annast á þann hátt er hentar best á hverjum stað. Þannig hlýtur Reykjavíkurborg að hafa rétt á að ráða hverjum hún felur skráningu menningarminja sem borgin á sannarlega að kosta.

Samkvæmt skipulagsiögum hefur Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn annast skráningu húsa og gerð húsakannana frá árinu 1975, þ.e. Húsaskrá Reykjavíkur sem er grunnur að húsakönnunum sem unnar eru í tengslum við gerð deiliskipulags. Safnið hefur einnig annast fornleifaskráningu og heldur Fornleifaskrá Reykjavíkur. Því liggur bæði þekking og reynsla á sviði skráningar menningarminja á Minjasafni Reykjavíkur og gæti því safnið tekið að sér skráningu menningarminja eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu - enda er nefnt í greinargerð að viðurkennd minjasöfn séu meðal þeirra stofnana sem má fela slík verkefni.

Í fimmta kafla er fjallað um friðlýsingu menningarminja og gerður greinarmunur á „friðuðu mannvirki“ – en þar gildir 100 ára regla – og „friðlýsingu“ sem er þinglýst sem kvöld.

19. gr. Framkvæmd friðlýsingar

Samkvæmt ákvæðinu er sveitarfélögum veitt heimild til að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum minjum, í stað einungis heimildar til niðurfellingar þeirra eins og í núgildandi lögum. Þetta er til bóta og ætti að veita meiri sveigjanleika fyrr sveitafélagið.

20. gr. Skyndifriðun.

Nýtt ákvæði um skyndifriðun, sem hefur verið í lögum um húsafriðun, nær nú til allra staðbundinna menningarminja – fornleifa, húsa og mannvirkja. Jafnframt hefur tímamörkum verið breytt með því að Minjastofnun hefur sex vikur til að taka ákvörðun um friðun í stað tveggja. Á meðan gilda reglur um friðlýsingu. Við þessa tímallengingu er hægt að rannsaka minjarnar betur og taka upplýstari ákvarðanir um friðun, en að sama skapi getur þetta verið íþyngjandi fyrir land- og fasteignaeigendur.

Mikilvægt er að Minjastofnun komi afstöðu sinni til verndargildis einstakra húsa eða mannvirkja fyrir að en oft hefur verið á grundvelli gildandi laga, sbr. 6. og 8. gr. gildandi laga, þegar ákvörðun um skyndifriðun hefur legið fyrir allt of seint, jafnvel ekki fyrir en komið er niðurrífi húss, þrátt fyrir langt skipulagsferli þar sem gert hefur verið ráð fyrir að viðkomandi hús megi víkja, þar sem húsafriðunarnefnd hefur verið einn umsagnaraðila.

22. gr. Friðhelgun og merkingar

Friðhelgað svæði friðlýstra minja er aukið úr 20 m í 100 m og svæði þeirra sem njóta friðunar í krafti aldurs úr 5 í 15 m. Til bóta er að stækka friðhelgunarsvæði friðlýstra minja og sér í lagi friðaðra

minja. Í Reykjavík eru nú þegar íbúðabyggð og önnur mannvirki innan þessarar friðhelgunarsvæða friðlýstra minja – t.d. í Breiðholti og Laugarnesi. Aðrar friðlýstar minjar eru ekki innan væntanlegra byggingarsvæða í Reykjavík. Varðandi friðaðar minjar ætti breyting úr 5 í 15 m ekki að vera íþyngjandi fyrir skipulag en hefur mjög jákvæð áhrif fyrir minjarnar.

31. gr. Friðlýst hús og mannvirki

Mikilvægt er að skýra betur hvenær um leyfisskylda framkvæmd er að ræða en það er langt í frá ljóst, hvorki í gildandi lögum né í frumvarpstextanum eins og hann er núna, hvenær breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki eru svo umfangsmiklar að leyfi þurfi til breytinga.

57. gr. Reglugerðarheimild

Í greininni er að finna viðtæka heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð á grundvelli laganna. Mikilvægt er að kveðið sé á um að slíkar reglugerðir verði settar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum einstök sveitarfélög.

59. gr. Breytingar á öðrum lögum

Óþarfi er að breyta skipulagslögum og lögum um mannvirki í tengslum við frumvarp þetta, sbr. 59. gr. þar sem hægt er að ná fram settum markmiðum í tengslum við endurskoðun skipulagsreglugerðar og byggingareglugerðar.

Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands. 648 mál á 139 löggjafarþingi.

Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um skil manningarverðmæta til annarra landa. 649 mál á 139 löggjafarþingi.

Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið.